

Feedback and debriefing in medical simulation.



Anne Lippert stýrir CAMES (*Copenhagen Academy of Medical Education and Simulation*) sem er rannsókn- og menntastofnun í læknisfræði og herminámi í Kaupmannahöfn en þar hefur hún verið í fullu starfi undanfarin 11 ár. Anne er svæfinga- og gjörgæslulæknir og hefur unnið á sviði hermikennslu og rannsóknum því tengdum í meira en 20 ár. Hún hefur diplóma í kennslufræði heilbrigðisfagstétta frá Háskólanum í Dundee (2010).

Anne hefur verið viðriðin námskeið á vegum evrópsku endurlífgunarsamtakanna (ERC) í Danmörku frá upphafi þeirra 2004 og er leiðbeinandi, umsjónarmaður og kennari fyrir dönsku endurlífgunarnámskeiðin (ALS, EPALS, ILS og ETC). Anne Lippert var valin fellow í ERC í október 2015.

Strategy to integrate medical dispatch, prehospital care and in-hospital emergency care.



Freddy K. Lippert er yfirmaður utanspítalþjónustu Kaupmannahafnar með yfirráðasvæði yfir 1,8 milljónir íbúa. Freddy er dósent við heilbrigðis- og læknadeild Kaupmannahafnarháskóla. Hann hefur meira en tuttugu og fimm ára reynslu af endurlífgunar-, fjöláverka- og bráðalækningum og hefur gefið út meira en hundrað vísindagreinar.

Freddy hefur meðal annars unnið að umfangsmiklum rannsóknum á árangri endurlífgunar vegna hjartastopps utan sjúkrahúsa og notkunar almennings á sjálfvirkum hjartastuðtækjum.

Freddy var einn stjórnendum Utstein-fundarins 2015 og 2016 þar sem fjallað var um skipulag bráðþjónustu og viðbragðsáætlanir undir yfirskriftinni "*A Call-to-Establish-a-Global-Resuscitation-Alliance*". Hann er stofnandi og ráðgefandi stjórnarmaður í alþjóðlega endurlífgunarsambandinu (*Global Resuscitation Alliance*).

Freddy er einnig stofnandi samstarfsnets leiðtoga í evrópskri bráðþjónustu, skipulagði fyrstu ráðstefnuna um bráðþjónustu utan sjúkrahúsa (EMS congress) í Kaupmannahöfn árið 2016 en einnig 2017 og 2018.

Quality Improvement in the ED



Jay Banerjee er bráðalæknir á háskólasjúkrahúsum Leicester. með sérstakan áhuga þjónustu við aldraða. Hann er fyrrum aðstoðalækningsframkvæmdastjóri gæða og þróunar við háskólasjúkrahúsin í Leicester NHS Trust og heiðurstyrkþegi í bráðalæknisfræði við heilbrigðisvísindadeild Háskólans í Leicester. Hann var einnig klínískur ráðgjafi og stýrði vinnu um öryggismál fyrir samvinnuverkefni um öryggi sjúklinga og verkefni um bráðþjónustu fyrir Leicester Leicestershire & Rutland Urgent and Emergency Care Vanguard

Jay stýrði þverfaglegum hópi sem gaf út hina svokölluðu [Silver Book](#) um gæði bráðþjónustu aldraðra. Hann hefur einnig leitt fjölþjóðlegan hóp sem vann að þróun staðlaðra útkomumælinga fyrir aldraða á vegum alþjóðlegrar nefndar um heilsufarsmælingar (*International Consortium for Health Outcome Measurement - ICHOM*) sem NHS fjármagnaði. Árin 2012-13, var Jay fellow í gæðaþróun í heilbrigðiskerfi við Institute of Healthcare Improvement, Harvard.

Improving acute care for older people at scale

Simon Conroy er læknir við háskólasjúkrahúsið í Leicester. Metnaður Simon felst í því að bæta afdrif veikburða aldraðra með því að hagnýta gagnreynda þekkingu í klínísk störf ('campus to clinic' translational research).

Rannsóknir hans fjalla um mismunandi starfsvenjur við umönnun eldra fólks, meta hagkvæmni auk klínískrar og efnahagslegrar skilvirkni. Kennslustörf hans felast í þverfaglegu sjónarhorni þróunar og kennslu, í fyrsta lagi staðbundið í klíník meðal veikburða skjólstæðinga, í öðru lagi á landsvísu (BGS) og í þriðja lagi alþjóðlega (EUGMS og EAMA).

Trans fólk - hvað er það?



Sólveig Rós er fræðslustýra Samtakanna '78. Hún er með m.a. próf í stjórnmálafræði og hefur auk þess einnig lagt stund á kynjafræði.

Trans fólk - hvað er það? Veistu hvað kynsegin, hán og flæðigerva þýða? Hvað áttu að gera ef þú miskynjar einhvern? Hverjar eru þarfir trans fólks í heilbrigðiskerfinu, aðrar en þær sem tengjast þeirra kynleiðréttingarferli? Í þessu erindi verður farið yfir helstu hugtök og tungutak er tengist trans fólki auk hugleiðingar um hvernig er hægt að koma fram við fólk í þessum hópi af sem mestri virðingu er þau sækja heilbrigðisþjónustu.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi og aðgengi að heilbrigðisþjónustu.



Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd

Elfa Dögg S. Leifsdóttir, sálfræðingur Rauða krossins:

Fjallað verður um fjölda þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi. Hvernig samsetnings þess hóps er. Hvaða heilsufarsvandamál koma upp, hafa verið áður eða koma upp eftir komu hingað. Heilbrigðisþjónusta sem í boði er fyrir þá sem hafa sótt um alþjóðlega vernd hér á landi, hver er hún og hvar er hún veitt?

Ferilinn sem fólk þarf að fara í gegnum við að sækja sér þjónustu. Velta upp spurningunni hvort þetta er ásættanlegt þjónustu/flækjustig? Taka tilbúin dæmi um hindranir eða ferla frá veikindum til aðstoðar/eða ekki aðstoðar.

Af hverju eru hringt svona mikið í sjúkrabíla? Hvað er vel gert og hvað gengur síður vel. Andleg/líkamleg veikindi í hópi þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd. Oft ekki ljóst að hafa toga veikindin eru og andleg veikindi geta komið út sem líkamleg og svo öfugt.

Hvað er Rauði krossinn að gera og hvað hyggst hann gera til að aðstoða hóp þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd. Veita þjónustu eða huga að forvörnum og valdeflingu (með fræðslu t.d. í skyndihjálpi).

Innflytjendur í heilbrigðiskerfinu á Íslandi: Báðum megin skurðarborðsins.



Claudie Ashonie Wilson, hdl. kemur frá Jamaíku og flutti til landsins árið 2001. Frá þeim tíma hefur hún verið mjög virk í félagsstörfum á Íslandi. M.a. sat hún um tíma í stjórn samtaka kvenna af erlendum uppruna sem varaformaður samtakanna og situr nú í fulltrúaráði SOS Barnaþorpa á Íslandi. Claudie hefur starfað hjá Rétti lögmannsstofu síðan árið 2013 og fengist þar við mannréttindamál, þá aðallega innflytjenda- og flóttamannamál. Claudie lauk prófi til að öðlast héraðsdómslögmannsréttindi haustið 2016 og er fyrsti einstaklingurinn utan Evrópu til að ljúka slíku prófi hér á landi.

Hlutfall innflytjenda á Íslandi hefur aldrei verið hærra, en 13% þjóðarinnar er af erlendum uppruna. Gert er ráð fyrir að þessi fjöldi fari vaxandi. Í erindi þessu verður farið yfir reynslu ræðumanns sem viðtakandi heilbrigðisþjónustu hér á Íslandi, hlutverk innflytjenda í heilbrigðiskerfinu, bæði sem viðtakendur og veitendur þjónustunnar og loks mikilvægi menningarlegs næmis og að áhersla sé lögð á fjölbreytileika í námi í heilbrigðisvísindum.

